

PÁLL LÝÐSSON

F. 23. jan. 1869, d. 15. mars 1943

I

Þegar Páll vinur minn varð sjötugur, skrifaði ég um hann nokkur orð — sem lesa má í Framnýal, s. 281-83 — í þeirri von að honum og fólki hans mætti verða til nokkurs gagns og gleði. Og skal þar nú bætt við nokkrum minningarorðum.

Ég kynntist Páli fyrst, þegar hann var 18 ára og leist mér undireins vel á piltinn, virtist hann tiltakanlega gæðalegur. og eftir löng og nán kynni get ég sagt, að þar hafði mér ekki missýnst. Það er óhætt að segja, að Páll Lýðsson var það sem mestu varðar að vera, góður maður. Ég hygg, að hann hafi á háu stigi verið flestum þeim kostum búinn, sem helst prýða íslenska bændastétt. Hann var sívinnandi, og þó ekki vinnuhardur við aðra. Lagvirkur var hann, og góður smiður bæði á tré og járn, kunni auk þess að binda bækur. Sveitavinna féll honum betur en sjómennska; þó reri hann 13 vertíðir á Stokkseyri, möglunarlaust. Er það, eins og menn vita, erfitt verk og hættulegt, að róa þar til fiskjar út á reginhaf, og það um hávetur. En rúm Páls mun hafa verið vel skipað, og skyldurækni hans og vandvirkni, mannúð og greiðvikni komið fram í sjómenskunni jafnt og öðru hans starfi. Og aldrei hefi ég bragðað betri harðfisk en þann, sem Páll hafði verkað.

II

Páll var svo næmur, að hann kunni vísu, ef hann hafði heyrt hana einu sinni. Og eftir því var skilningurinn. Hann var fylgdarmaður minn 4 sumur, og kynntist ég honum vitanlega þessvegna enn betur en ella hefði orðið. Aldrei þurfti ég að fá aukafylgd til að rata, þegar hann var með

mér. Páli dugði, ef honum var sagt vel til vegar, og hann hafði lag á að láta gera það vel.

Hann hafði á hendi hreppsstjórn, eins og faðir hans og afi, og þarf ekki að efa, að sama skylduræknin hefir komið fram í því starfi hans og öðru.

Mér hefir stundum komið í hug, hver skaði það var, að maður sem var eins framúrskarandi greindur og athugull og Páll Lýðsson, skyldi ekki eiga þess kost, að dvelja eitthvað í útlöndum og kynnast búnaðarháttum slíkum sem þar eru. Og eins, hvernig hagar Hlíðarfólksins mundi hafa verið, ef búið hefði verið af annarri eins ástundun og ráðdeild, á jörð sem ekki var eins kostarýr og erfið og Hlíðin, áður en jarðabætur voru gerðar og búnaðarháttum að nokkru breytt.

Páll átti góða konu og góð börn, og sannarlega hefði hann átt skilið, að njóta í elli góðrar hvíldar, og geta glaðst yfir börnum og barnabörnum. En því miður varð ekki svo. Heilsa hans, sem hafði verið ágæt mestan hluta ævinnar, bilaði og var heldur erfið síðustu árin.

III

Mér hefði þótt gaman að því að geta átt tal við Pál vin minn eftir að hann kom á aðra jörð, en því miður hefir mér, af sérstökum ástæðum, enn ekki orðið þess auðið, að fá samband við framliðna, slíkt sem t. d. Swedenborg hafði á svo merkilegan hátt. En þrátt fyrir þetta get ég með nokkurnveginn vissu sagt, hvernig hagar Páls muni vera, eftir að hann fluttist á aðra jörð. Að slíkur maður hefir komið fram í góðum stað, þarf ekki að efa. Hann á nú heima í landi, sem hefir alla kosti Íslands, og langt þar fram-yfir, en er laust við gallana. Og hann mun starfa mikið. Bæði mun hann af kappi leitast við að auka þekkingu sína, og eins með nokkrum hætti stunda búskap. Og ég vona að það sé honum sem minnst til angurs, að enn er ekki handan-að kostur þess sambands við eftirlifendur, sem margir fram-liðnir þrá svo mjög, og komast mun á, jafnskjótt og þekking hér hjá oss er komin á það stig sem til þarf.